

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

Samkvæmt lögum nr. 66/1976 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku er taki gildi 1. janúar 1998:

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku nr. 318 6. júní 1996, með áorðnum breytingum:

Allir rafhitataxtar hækka um 1,7%.

Almennur taxti A1 lækkar um 4,2%.

Breytingin gildir frá og með 1. janúar 1998.

*Iðnaðarráðuneytinu, 19. desember 1997.*

F. h. r.

**Kristmundur Halldórsson.**

---

*Steinunn Bjarman.*

Nr. 713

19. desember 1997

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, B-hluta.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451/1977, með síðari breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur er taki gildi 1. janúar 1998.

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, B-hluti, nr. 383 10. júní 1997, breytist þannig:

2. gr. Raforkugjöld lækka um 2,0%, önnur en B.2 Útilýsing, viðhaldsgjald.
3. gr. Heimtaugargjöld, mælaleiga, tengigjald, álestrargjald, innheimtugjald, verða óbreytt.

*Iðnaðarráðuneytinu, 19. desember 1997.*

F. h. r.

**Kristmundur Halldórsson.**

---

*Steinunn Bjarman.*

Nr. 714

18. desember 1997

## REGLUGERÐ

### um (28.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi nýtt eyðublað fyrir umsókn til lyfjanefndar ríkisins um leyfi til að nota lyf sem ekki hefur markaðsleyfi á Íslandi bætist við viðauka 1 við reglugerðina: